



Námskrá Rjúpnahæðar

Efnisyfirlit

Leikskólinn Rjúpnahæð	3
Skólanámskrá	3
Leikskólaperlan	4
Sýn á nám leikskólabarna	5
Leiðarljós Rjúpnahæðar	5
Sjálfræði	5
Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi	7
Leikur og nám	9
Námsumhverfi	9
Samþætt og skapandi leikskólastarf	10
Læsi og samskipti	10
Heilbrigði og vellíðan	12
Sjálfbærni og vísindi	13
Sköpun og menning	14
Myndsköpun	14
Tónlist	14
Menning	15
Mat á námi og velferð barna	16
Fjölskyldan og leikskólinn	16
Tengsl skólastiga	18
Mat á leikskólastarfi	18
Innra mat í leikskólum	19
Ytra mat í leikskóla	19
Starfsáætlun	19
Lokaorð	21

Leikskólinn Rjúpnahæð



Leikskólinn Rjúpnahæð, Rjúpnasalir 3, 201 Kópavogur, sími 5704240, netfang: rjupnahaed@kopavogur.is. Heimasíða: <http://www.rjupnahaed.kopavogur.is>. Rjúpnahæð tók til starfa þann 1. júlí 2002. Í Rjúpnahæð eru 106 börn samtímis í 4-9 tíma dvöl. Leikskólinn opnar kl. 7:30 og lokar kl. 16:30. Deildir leikskólans eru sex og bera þær allar heiti á fuglum. Yngri deildirnar bera nöfn smáfugla, Þrastarheiður, Lóuhreiður og Spóahreiður. Eldri deildirnar heita eftir stærri fuglum, Krummahreiður, Álftahreiður og Arnarheiður.

Leikskólastjóri er Hrönn Valentínusdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Vigdís Guðmundsdóttir.

Einkunnarorð leikskólans eru sjálfræði - gleði - virðing - lýðræði

Auðkenni leikskólans

Hugmyndin á bak við auðkenni (lógó) leikskólans var fyrst og fremst sú að fanga þá stemningu sem myndast á leikskólalóðinni. Hóllinn hefur að geyma mismunandi efnivið eins og tré, gras, göngustíg og stóra steina. Hann hefur mikið aðdráttarafl fyrir börnin og þar safnast þau saman og bralla ýmislegt. Boginn, sem er tákn Kópavogsbæjar, er látinn tákna himininn. Í leikskólanum er mikið unnið út frá náttúrunni og heita allar deildir hans fuglanöfnum því fannst höfundur mikilvægt að Rjúpan fengi sinn stað í merkinu, ena heitir leikskólinn Rjúpnahæð. Höfundur að merki leikskólans er Margrét Jóna Þórhallsdóttir.

Skólanámskrá

Í Kópavogi er gefin út sameiginleg námskrá leikskóla Kópavogs sem byggð er á Aðalnámskra leikskóla frá 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerðum fyrir leikskóla.

Á grunni aðalnámskrár og námskrá leikskóla Kópavogs höfum við í Rjúpnahæð mótað okkar námská. Hún fjallar um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og þá hugmyndafræði sem tekið er mið af. Markmið skólanámskrár er að skipuleggja uppeldi og nám barna, að stuðla að skilvirkara starfi og að gera leikskólastarfið sýnilegra.

Sýn á nám leikskólabarna

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppleðisaðferðum og sérstakri hugmyndafræði. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga, rita og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast.

Uppeldi og menntun leikskólabarna er samvinnuverkefni allra kennara í leikskóla þar sem velferð og hagur barna á að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppleðisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði.

Nám í leikskóla er samþætt og fer fram í leik, umönnun, samskiptum, skapandi starfi og hugsun þar sem hverju barni er mætt þar sem það er statt í námi og þroska.

Leiðarljós Rjúpnahæðar

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta að veita öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Leggja ber áherslu á styrkleika barna og hæfni og að litið sé á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans. Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppleði, umönnun og menntun eina heild þar sem börnum er sýnd virðing og umhyggja.

Í Rjúpnahæð er unnið samkvæmt leikskólastefnu Kamii og DeVries, sem byggist á hugsmíðahyggju. Hugsmíðahyggja á rætur sínar að rekja til kenninga svissneska fræðimannsins, Piaget og Vygotsky, um hvernig barnið byggir upp þekkingu og hvernig það lærir með eigin virkni. Tækið sem barnið notar til náms er leikurinn, hann er kjarninn í uppleði og menntun þess. Litið er á barnið sem virkan aðila að eigin uppbyggingu félagslegrar færni og siðgæðis- og vitsmunapróska. Í Rjúpnahæð er jafnframt stuðst við kenningar norska fræðimannsins Berit Bae, en hún leggur áherslu á viðurkennandi samskipti og viðmót.

Meginmarkmið leikskólans er að stuðla að sjálfræði barnanna.

En hvað er sjálfræði og hvernig stuðlum við að því?

Sjálfræði

Sjálfræði er hugtak sem er í brennidepli í kenningum Kamii, DeVries og Piaget. Sjálfræði er að taka sjálfstæðar ákvarðanir byggðar á þekkingu og vangaveltum um hvað maður sjálfur telur rétt og rangt. Sjálfræði felur í sér ábyrgð og sjálfsaga.

- Sjálfræði kemur innan frá og einungis með samvinnu
- Sjálfræði er ekki það sama og algert frelsi, heldur tekur einstaklingur, sem býr yfir sjálfræði, tillit til þeirra sjónarmiða sem máli skipta og fyrir liggja þegar hann tekur ákvarðanir. Sjálfræði felur í sér að taka tillit til annarra
- Sjálfræði er til staðar þegar barn lætur stjórnast af sjálfu sér
- Sjálfræði er forsenda lýðræðis

Það sem ýtir undir sjálfræði er:

Virðing

Gagnkvæm virðing

Viðurkenning

Viðurkenning á rétti barnsins til eigin skoðana, tilfinninga og upplifana. Viðurkenning hins fullorðna felur í sér að viðhorf hans til barnsins sé að það hafi rétt til sjálfstæðra hugsana.

Samvinna

Umhverfi þar sem stuðlað er að samvinnu milli barna og fullorðinna. Frelsi til að velja, hafna og láta í ljós skoðanir sínar.

Lýðræði

Að taka ákvarðanir með öðrum, kjósa og komast að niðurstöðu.

Ábyrgð

Að bera ábyrgð á ýmsum verkefnum í leikskólanum t.d. er varða umhverfið s.s. tiltekt. Læra þannig smám saman að taka ábyrgð á eigin ákvörðunum og eigin lífi. Ásamt því að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þróa með sér samkennd, tillitssemi og vináttu. Jafnframt öðlast barnið sjálfstæði og frumkvæði og er hvatt til að taka ábyrgð á sjálfu sér.

Áhugi

Nám barna byggist á áhugahvöt. Verkefni eru því áhugaverð þar sem barnið leitar, rannsakar og skapar.

Val á viðfangsefnum

Að barnið geti ákveðið hvað það langi til að gera.

Væntumþykja

Samskipti sem einkennast af hlýju, kærleika, gleði og nánd.

Umhverfi

Þar sem börnin hafa aðgengi að efnivið og verkefnum til að stuðla að sjálfbjargarviðleitni og sjálfstæði sínu. Að andrúmsloftið sé frjálst og hlýlegt.

Ágreiningur

Að nýta sér ágreining sem leið til að þroskast í samskiptum, með því að finna leiðir til að leysa deilur á friðsamlegan hátt þannig að engin sé niðurlægð þó svo að hann bíði "ósigur".

Öryggi

Að barnið finni að það sé öruggt í umhverfi sínu.

Stuðlað er að markmiðum sjálfræðis í öllu starfi leikskólans.

Í daglegum venjum:

- matmálstímum
- hvíld
- útiveru
- snyrtingu
- fataklefa
- samverustundum

Í hópastarfi/þemastarfi

- Hreyfing
- Myndlist
- Tónlist

Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi

Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í leikskóla eru foreldrar, kennarar og börn samstarfsaðilar.

Í Rjúpnahæð er lögð áhersla á í daglegu starfi að börn beri virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu. Frumkvæði þeirra eflt og styrkt, þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Börnin eru hvött til að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfa.

Lýðræði í daglegu starfi

Lýðræðisleg samskipti einkenna daglegt starf í Rjúpnahæð og stöðugt er verið að ýta undir sjálfstæði, lýðræði og jafnrétti barnanna. Hér koma nokkrir þættir sem eru lýsandi fyrir þau tækifæri sem börnunum bjóðast til vinna á lýðræðislegan hátt en á engan hátt tæmandi.

Í matartímum, morgunmatnum og kaffitímum fá þau t.d. að velja sér sæti við matarborðið. Þau skammta sér matinn sjálf eftir því hvað þau vilja fá sér mikið magn. Þeim er kennt að skammta sér frekar lítið til að byrja með til að þau fái tilfinningu fyrir hversu mikið þau geti borðað. Þau hella einnig í glösin sjálf og þeim er kennt að beita hnífapörum strax frá upphafi. Þau ganga frá eftir sig og elsta deildin er með matarþjóna sem leggja á borð og þjóna í kaffitímanum. Þar bera þau ábyrgð á að fylla á svo það vanti aldrei mat.

Í flæði fá börnin að „flæða“ á milli viðfangsefna og svæða og velja sér leikfélaga. Á þessum svæðum eru engin fjöldatakmörk heldur læra börnin sjálf hvenær það séu of margir á sama svæði. Í flæðinu er allur efniviður sýnilegur og aðgengilegur. Að taka til er ekkert minna mikilvægt en að læra að leika sér með öðrum. Börnin læra að þegar þau fara úr einu svæði yfir í annað þurfa þau að taka til áður. Þau taka til í sameiningu og finna út hvar efniviðurinn á að vera.

Samverustund er líka eitt af þeim tækifærum sem börnunum gefast til að læra lýðræðisleg vinnubrögð. Í samverustund sitja allir bæði börn og kennarar á hringlaga mottum þar sem allir sjá framan í hvort annað og mynda þannig lýðræðislegt umhverfi. Kosningar er líka mikilvægur hluti af samverustundum, elstu börnin eru með kosningar nánast alla daga aðrir sjaldnar um ýmis málefni svo sem hverjir vilja fara út fyrir hádegi og hverjir vilja fara út eftir hádegi.

Gæðastundir er einn annar þáttur í starfi leikskólans sem býður upp á lýðræðisleg vinnubrögð. Í gæðastundum skiptast börnin á að velja bækur sem á að kjósa um hver sé lesin hverju sinni. Þau velja sér hvar þau vilja sitja innan hópsins þeirra og læra að trufla ekki vin sinn því hann vill hlusta á söguna sem er verið að lesa. Í þessum stundum er líka hægt að fræðast um ýmislegt og þau eru dugleg að fræða hvort annað og ræða saman.

Einu sinni í viku er vinaleikur sem snýst um það að læra hvað sé að vera vinur og hvernig maður kemur fram við vini sína. Börnin draga sér einn vin til að leika við og þá bera þeir ábyrgð á hvor öðrum í ákveðin tíma svo sem að þeir séu aldrei einir. Þeir þurfa að komast að niðurstöðu hvar þeir ætla að leika sér og við hvað. Á þeim stundum spinnast oft upp skemmtilegar umræður og

samningaviðræður um hvað skuli gera. Í vinaleik læra börnin að bera virðingu fyrir skoðunum annarra, hafa jöfn tækifæri þar sem allir byrja á sama grunni. Þessi leikur hjálpar sérstaklega börnum sem eiga erfitt með að tengjast öðrum börnum. Leikurinn kennir börnunum að virða einstaklingseinkenni hvers og eins.

Áhersla er lögð á sjálfstæði barnanna að klæða sig í og úr sjálf, að læra þannig að bjarga sér. Þau biðja um hjálp þegar þau þurfa og öðlast þannig meira sjálfstæði. Þau meta það sjálf hvenær þau þurfa að fara á klósettið og hvort þau vilji fá sér að drekka og fleira.

Í Rjúpnahæð fá börnin tækifæri til að læra að leysa deilur á jákvæðan hátt, gleðjast með öðrum, lifa í sátt við sig og umhverfi sitt. Börn frá ólíkum menningarheimum og með mismunandi atgervi eru í Rjúpnahæð. Mikilvægt er að styðja vel við þau til þess að þau aðlagist íslensku samfélagi án þess að glata tengslum við eigin menningu, tungu og trú. Áhersla er því lögð á að virða rétt allra óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu. Leitast er eftir að börnin fái tækifæri til að vinna á sínum eigin forsendum. Með því að stuðla að jafnrétti kynjanna er lagður grunnur að velferð

Jafnréttisstefna leikskóla Kópavogs

Að stuðla að jafnrétti á sem víðtækustum grunni í leikskólum Kópavogs. [Jafnréttisstefna](http://www.kopavogur.is/files/jafnréttisstefna.pdf) <http://www.kopavogur.is/files/jafnréttisstefna.pdf> nær til námskrá leikskóla Kópavogs, starfsmannastefnu og samvinnu við foreldra.

Eineltisstefna leikskóla Kópavogs

Markmið með [eineltisáætluninni](http://www.kopavogur.is/media/pdf/eineltisstefna.pdf) <http://www.kopavogur.is/media/pdf/eineltisstefna.pdf> er að gera starfsmenn leikskóla meðvitaðri um einelti í allri sinni mynd þannig að þeir þekki einkennin og geti brugðist við þeim. Einelti fær illa þrífist þar sem góð samskipti ríkjá.

einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls. Rjúpnahæð starfar eftir jafnréttisstefnu leikskóla Kópavogs þar sem meðal annars kemur fram að stuðla skuli að jafnrétti á sem víðtækustum grunni.

„Nám án aðgreiningar” er sú hugmyndafræði sem höfð er að leiðarljósi þegar sérkennsla er skipulögð og framkvæmd í Rjúpnahæð. Hún byggist á hugmyndum um manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti. Hver og einn fær að njóta sín á sínum forsendum. Mikilvægt er að félagskapur og samskipti barnanna bindi þau vináttuböndum og styrki samkennd þeirra. Í Rjúpnahæð er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Börn með þroskaskerðingar og frávík í þroska fá sérkennslu samkvæmt reglum sem Kópavogsbær setur þar um. Ef grunur leikur á að barn þarfnist sérkennslu er fylgst sérstaklega með því og í framhaldi gerðar ráðstafanir. Beiðni um sérfræðiþjónustu fer fram í samráði við foreldra. Yfirumsjón með sérkennslumálum leikskólans hefur sérkennslustjóri. Ráðnir eru kennarar með sérþekkingu og eru þeir ásamt sérkennslustjóra og deildarstjóra ábyrgir fyrir því að gerðar séu einstaklingsnámskrár vegna barnanna og þeim framfylgt. Í einstaklingsnámskrám er gengið út frá þeim bakgrunnsupplýsingum sem liggja fyrir úr athugunum sérfræðinga. Þær eru síðan endurskoðaðar eftir þörfum, eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Sérkennslan fer fram í leikhópnum, litlum og stórum og er einnig einstaklingsbundin allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Leikur og nám

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins, hann er kennsluaðferð leikskólakennarans og námsleið barnsins. Hann er gleðigjafi og veitir barninu vellíðan. Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Leikskólakennarar þekkja leik barna, þeir virða og hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfið. Í leik taka börn þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og virða sjónarmið annarra.

Leikskólakennarar styðja við leik barna á magvíslegan hátt. Þeir geta dýpkað leik barnanna með því að bæta við ítarefniog skráð niður leik þeirra. Börnum er gefinn nægur tími og rými til að hreyfa sig, þróa leikinn og dýpka.

Í Rjúpnahæð er hinn frjálsi og sjálfsprottni leikur barnsins talinn “leikur leikjanna”. Í frjálsum leik er barnið að skapa leikinn úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og lærir að leita lausna. Í leik er barnið einbeitt og það er upptekið af augnablikinu. Fjölpætt upplifun elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Lögð er áhersla á opinn efnivið og fjölbreytt leikföng, sveigjanleika og skapandi aðstæður sem bjóða upp á fleiri en eina leið/lausn. Einingakubbar og holukubbar skipa einnig stóran sess en leikur með þá ýtir undir alla þroskaþætti hjá barninu og hvetur það til stærðfræðileikja og frumkvæðis. Sköpunarþörf, virkni og hugmyndaflug barna birtist í leikjum þeirra. Í leikjum fá börnin hreyfiþörf sinni fullnægt og þau þjálfa hreyfingar sínar og líkamsstjórn. Tónlist og hreyfing gegna jafnframt mikilvægu hlutverki í námi barnanna og oft eru listgreinarnar, myndlist, tónlist, hreyfing og tjáning samþættar í starfinu. Í þykjustu- og hlutverkaleikjum og öðrum samleikjum lærist börnum nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit hvert til annars á jafnréttisgrundvelli. Í leik öðlast börnin samkennd og vináttu. Í skipulögðum leikjum og regluleikjum læra þau einfaldar samskiptareglur og að virða rétt annarra, í slíkum leikjum vaknar og þróast lýðræðisvitund þeirra. Í leiknum er lögð er áhersla á vináttu, samleik og jákvæð samskipti stúlkna og drengja.

Námsumhverfi

Í Rjúpnahæð er námsumhverfi barnanna skipulagt, hannað og nýtt með það að leiðarljósi að enduspegla þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu hvað varðar húsnæði, búnað, leikvöll og nærumhverfi.

Börn kanna og skilja umhverfi sitt á margbreytilegan hátt. Þau hlusta, bragða, handfjatla, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir.

Leikskólakennararnir í Rjúpnahæð leggja áherslu á að skapa fjölbreytilegt leikumhverfi sem vekur forvitni barna og ýtir undir ímyndunarafl þeirra, sköpunarkraft og tjáningu, þannig að hugmyndir þeirra fái að njóta sín. Við leggjum jafnframt mikla áherslu á að börnin hafi aðgang að fjölbreyttu leikefni þar sem leiknum er gefið nægilegt rými í dagskipulaginu. Leikumhverfi þeirra sé öruggt, heilsusamlegt og aðlaðandi. Börnunum er gefið tækifæri til að þróa leik sinn og dýpka.

Námsumhverfið í Rjúpnahæð tekur stöðugum breytingum eftir barnahópnum hverju sinni og þróast með tilliti til þarfa þeirra og áhuga.

Við stuðlum að því að hægt sé að vinna með stóra hópa, litla hópa, börn fái að vera í ró og næði, ásamt því að leggja áherslu á að umhverfið stuðli að samskiptum milli barna, milli starfsfólks og barna og milli starfsfólks og foreldra.

Húsnæðið skiptist í sex deildir, íþróttasal, listakrök, vísindakrök, hlutverkakrök, matsal, bókasafn og tvö fataherbergi. Leikfangasafn er á tveim stöðum þar sem allir hafa greiðan aðgang að þeim efnivið sem leikskólinn hefur að bjóða. Sameiginlegt svæði leikskólans býður upp á til dæmis einingakubba, holukubba, lego, perlur, sull, leir og fleira.

Lóð leikskólans hefur upp á margt að bjóða og leiktækin þar skapa fjölbreyttar aðstæður fyrir leik og örva alla þroskaþætti. Lóðin skiptist í nokkur svæði, lítinn garð með leiktækjum sem henta

yngrri börnum, stóran garð með meira krefjandi leikaðstæðum fyrir eldri börnin, kofaþyrpingu til ýmissa leikja, hól og matjurtagarð.

Nærumhverfi leikskólans býður upp á marga möguleika til ýmissa könnunarferða. Leikvellið, góðir göngustígar, útikennslustofa, mói og fótboltavöllur og margt fleira sem hægt er að nýta eftir veðri og vindum.

Samþætt og skapandi leikskólastarf

Börn læra í gegnum leik og daglegt starf innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Ákveðin námssvið eru undirstaða náms barnanna í leikskólanum. Þau eru samþætt og samofin öllu starfi leikskólans. Námssviðin eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi. Þau skarast öll að meira eða minna leyti og haldast í hendur við leik, daglegt líf og lífsleikni barnanna.

Lífsleikni

Með lífsleikni er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálft. Segja má að leikskólanámið sé í raun samfellt lífsleikninám. Til að öðlast lífsleikni þarf barnið að læra umburðarlyndi í samskiptum sínum og samneyti við aðra, læra að bera virðingu fyrir ólíku atgervi, skoðunum og menningu. Vinátta og samkennd er dýrmætt veganesti og góður undirbúningur undir virka þátttöku í félagslífi og samstarfi síðar í lífinu. Barnið þarf að tileinka sér lífsgildi, reglur, venjur og hefðir sem ríkja heima, í leikskólanum og í samfélaginu í heild. Í leikskólanum er frumkvæði barnanna eftt og styrkt, þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Þau eiga að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfa. Í leikskóla á barnið að fá tækifæri til að læra að leysa deilur á jákvæðan og friðsamlegan hátt og læra að gleðjast með öðrum og lifa í sátt við sjálft sig og umhverfi sitt.

Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur sem nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við annað fólk. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla. Með texta er hér átt við talmál, myndmál, ritmál, tölur og önnur kerfi tákna. Það hjálpar börnum að lesa í umhverfið sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt. Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Með því tjá þeir hugsanir sínar og tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir. Í frumbersku og á leikskólaaldri er lagður grundvöllur að málþroska barna. Segja má að málörvun gangi eins og rauður þráður í gegnum allt leikskólastarfið. Lögð er áhersla á málrækt í samtölum, með krefjandi spurningum, með því að lesa fyrir barnið, segja því sögur og kenna því kvæði og þulur. Ritað mál er haft sýnilegt og áhersla lögð á gott og fjölbreytt málfr. Leikskólakennarinn í Rjúpnahæð er fyrirmynd barnanna og því mikilvægt að hann setji orð á allar athafnir daglegs lífs innan leikskólans og um leið eykur hann orðaforða barnanna. Að samskiptin byggist á gagnkvæmri virðingu, börnin séu hvött til að segja frá, halda uppi samræðum, skiptast á skoðunum, hlusta, syngja, lesa myndtákn, fylgja og skilja fyrirsmæli.

Tjáning

Tjáning er mikilvægur hluti af þroska barns. Lögð er áhersla á tjáningu í Rjúpnahæð og strax frá upphafi leikskólagöngu eru markviss þjálfun í að koma fram. Tjáningin eflir sjálfstæði og sjálfsímynd barnsins. Barnið lærir að standa á sínum skoðunum og upplifir virðingu frá hlustendum sínum.

Ýmsar leiðir eru farnar og notum við t.d. „sögustein“ sem gengur á milli barnahópsins og það barn sem hefur hann í hendi sér hefur orðið þá stundina. Barnið skynjar umburðalyndi og virðingu í sinn garð frá hópnum við það að hafa tækifæri og þor til að tjá sig. Sjálfsákvörðunarréttur barnsins er virtur með því að barnið hefur kost á því að láta eggja ganga áfram og/eða sitja hjá. Einnig notum við „pallinn“ sem tjáningartæki til að koma fram. Hann er ekki ákveðin pallur, en hægt er að notast við teppi, stól eða eitthvað sem ímyndunaraflið bíður uppá. Öll börn deildarinnar flytja erindi á pallinum hvort sem er í fámennum eða stórum hópum. Þetta tjáningartæki getur átt við bæði eldri og yngri deildir leikskólans og getur notast í hvaða aðstæðum sem er t.d. inn á deild eða frammi á gangi. Erindin eru flutt á forsendum barnanna og unnin út frá þroska og áhuga þeirra.

Samverustund

Í samverustundum er veðurfræðingur, sungið, farið í leiki og rætt saman. Lögð eru inn málefni a.m.k. einu sinni í viku sem tengjast þema hverju sinni og umræða um þau. Ýmis fræðsla tengd menningu og listum fer þar fram, fjallað er um heiti daganna og mánaðanna og einnig er veðráttan og tíðarfarið rætt í tengslum við árstíðirnar. Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna, þau tjá sig og læra að hlusta á aðra. Markmið með samverustundum er að stuðla að alhliða námi, að örva vitrænan, félagslegan- og siðgæðislegan þroska, að þróa með sér sjálfsstjórn, læra að virða skoðanir annarra, samvinnu og samræma mismunandi sjónarmið, að þau skynji sig sem hluta af hóp og að eiga notalega stund saman.

Samverustundir byggjast á lýðræðislegum vinnubrögðum. Markmið með þeim er að stuðla að alhliða námi, að læra að lesa í umhverfi sitt, að örva vitrænan, félagslegan- og siðgæðislegan þroska, að þróa með sér sjálfsstjórn, læra að virða skoðanir annarra, samvinnu og samræma mismunandi sjónarmið, að þau upplifi sig sem hluta af hóp og að eiga notalega stund saman. Börnunum er kennt að gegna mikilvægu hlutverki, þau tjá sig og læra að hlusta á aðra. Þetta ýtir undir öryggi barnsins í umhverfi sínu og stuðlar að vellíðan.

Í samverustundum er farið yfir skipulag dagsins, hvað er framundan, veðurfræðingur, sungið, farið í leiki og rætt saman. Lögð eru inn málefni a.m.k. einu sinni í viku sem tengjast þema hverju sinni og umræða um þau. Ýmis fræðsla tengd menningu og listum fer einnig fram, fjallað er um heiti daganna og mánaðanna og einnig er veðráttan og tíðarfarið rætt í tengslum við árstíðirnar.

Veðurfræðingur???? Á þetta að vera líka?

Veðurfræðingur, er umsjónarmaður sem valinn er í samverustund. Hann fær það hlutverk að gera veðurathugun og lætur skólafélaga sína vita um niðurstöður þeirra með því að hengja upp á Íslandskort tákn sem einkenna veðurfar dagsins og klæðnað. Börnin læra með þessu smám saman að klæða sig eftir veðri. Þau læra um veðrið, árstíðarnar, hugtök sem tengjast veðrinu og áhrif veðráttu á landslag. Veðurfræðingur horfir til Esjunnar þegar hann athugar hvernig veðrið er.

Tákn með tali

Í Rjúpnahæð notum við Tákn með tali, hvert barn fær tákn þegar það byrjar í leikskólanum sem mun fylgja því út leikskóladvölinu. Þessu til viðbótar eiga allir starfsmenn tákn sem auðvelda mun barninu að greina á milli starfsfólks og þekkja nöfnin þeirra. Með tímanum lærir barnið að nota tákn við dagleg störf í leikskólanum, s.s. í matartíma, hópstarfi, samverustundum og tónlist. Markmiðið með notkun og innlögn tákna með börnum leikskólans er að ýta undir aukin málþroska og málskilning barnanna. Þetta leiðir til þess að börn og starfsfólk eru betur í stakk búin til að mæta þörfum þeirra einstaklinga sem eiga við málhamlanir að stríða. Eftir því sem barnið eldist getur það átt meira frumkvæði að því hvaða tákn skulu tekin fyrir.

Bókmenntir????á þetta að vera líka

Bækur eiga að vera hluti af daglegu umhverfi barnsins svo það læri að njóta þeirra. Bókasafn leikskólans er frá upphafi hluti af umhverfi þess. Börnin fara í litlum hópum á bókasafnið og læra að umgangast það. Það lærir að bókin á sinn stað, hægt er að fá lánaða bók og þau beri ábyrgð á að skila henni aftur þar sem hún var.

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsuefandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Í Rjúpnahæð læra börn um hollt mataræði, hvíld, hreinlæti, hreyfingu og að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Við leggjum áherslu á að skapa aðstæður fyrir börnin til heilbrigðra lífshátta.

Hreyfing

Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing hefur í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Börn sem búa yfir góðri hreyfifærni og líkamsstyrk eiga auðveldara með að njóta sín í daglegu starfi, úti sem inni. Leikir, sem reyna á líkamann, veita barni útrás. Barn öðlast skilning á styrk sínum, getu og sjálfstraust þess eykst. Það skynjar líkama sinn og nær smám saman betri stjórn á hreyfingum sínum.

Hreyfing er uppspretta gleði og ánægju.

Markmið með hreyfingu í Rjúpnahæð er að efla hreyfiþroska og hreyfigetu, að auka sjálfstraust og vellíðan, að losa um streitu og umfram orku, að þekkja líkama sinn, að auka úthald, að efla samhæfingu, að vernda heilsu, að læra ýmis stöðuhugtök, átta sig á rými, fjarlægðum og áttum, að njóta þess að hreyfa sig og vera með, að fylgja fyrirmælum og reglum, að læra að vinna saman, að læra að taka tillit til og virða aðra í hópnum og að efla jafnréttisvitund barnsins.

Leiðirnar sem við förum í Rjúpnahæð eru m.a. skipulögð hreyfistund einu sinni í viku, útivera á hverjum degi, vettvangsferðir í mismunandi umhverfi, svæði fyrir bolta- og klifurleiki, sjálfsprottinn leikur, gott leikrými úti og inni, tækifæri og tími til að prófa sig áfram og að leikskólakennari sé leiðandi og hvetjandi til hreyfingar.

Hvíld

Í Rjúpnahæð leggjum við áherslu á mikilvægi þess í amstri dagsins að börnin fái hvíld. Hegðun barna, heilsufar og lífsþróttur mótast mjög af því hversu vel og reglulega þau sofa og hvílast. Svefnvana og þreytt börn eru illa á sig komin andlega og líkamlega. Eftir hádegismat fara því börnin í Rjúpnahæð í hvíld á yngri deildunum og á eldri deildunum í hvíld/sögustundir í litlum hópum.

Að líða vel í leikskólanum, mynda góð tengsl hvort við annað skiptir höfuð máli í daglegu starfi í Rjúpnahæð. Umhyggjan skipar því stóran sess í starfi okkar og mikilvægt er að mynda góð og nán tengsl við börnin.

Matartími

Í Rjúpnahæð er lögð áhersla á að börnin fái hollan og fjölbreyttan mat. Til viðmiðunar er notaður sérstakur matseðill sem gefinn er út fyrir leikskóla Kópavogs. Matartíminn er ekki aðeins til að uppfylla næringarþörf barnann heldur á hann að vera notalegur tími þar sem öllum líður vel. Matartímar og borðhald hafa mikið uppeldislegt gildi, þar gefast gjarnan tækifæri til skemmtilegra og fræðandi umræðna. Þjónar frá hverri deild leggja á borð og fá tækifæri til að læra hugtök eins og hægri, vinstri, ofan, neðan o.fl. Borðhald fer fram inni á deildum og í matsal leikskólans. Börnin fara að sínu borði, velja sér sæti og sessunaut í hádegismat. Í síðdegishressingu er frjálst sætaval innan deildarinnar og í matsalnum. Hljóð fundið og þríhorn slegið. Sagt er hvað er í matinn í töluðu máli og tákn með tali og að lokum gjörið þið svo vel. Þá þakka börnin fyrir sig og matartími hefst.

Leikskólakennarar borða með börnunum og áhersla er lögð á að börnin læri almenna borðsiði. Börnin læra lýðræðisleg vinnubrögð, leggja á borð, skammta sér sjálf á diskana, nota hníf og gaffal, hella í glasið sitt, aðstoða hvert annað, hreinsa diskinn sinn og ganga frá stólnum í lok matartímans. Það sama á við um yngstu börnin að því marki sem geta þeirra og þroski leyfir. Á meðan borðhaldi stendur læra börnin að bíða, sýna tillitsemi og aðstoða hvert annað. Lagt er á borð þannig að matur og áhöld séu aðgengileg fyrir börnin. Börnin eru hvött til að smakka allan mat. Kennarar reyna að takmarka aðstoð sína við það sem börnin geta gert sjálf. Þetta er þáttur í uppeldi þeirra til sjálfstæðis og sjálfsbjargar. Öll börn taka þátt í þeim máltíðum sem eru á dvalartíma þeirra.

Sjálfbærni og vísindi

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni er lúta að samspili umhverfis og félagslegra þátta. Í þeirri menntun felst skilningur á samfélaginu, náttúrunni og vistfræðilegum takmörkum jarðarinnar. Sjálfbærni snýst um umhverfið, ábyrgð, virðingu og lýðræðisleg vinnubrögð.

Markmið sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli, í nútíð og um alla framtíð. Lýðheilsa þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu er hluti sjálfbærni.

Leikskólakennurum ber að ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum. Áhersla er lögð á að gefa börnunum tækifæri til að vinna úr náttúrulegum efnum og endurnýtanlegum efnivið, skapa úr honum og stuðla þannig að sjálfbærri þróun. Í Rjúpnahæð störfum við eftir [umhverfisstefnu Kópavogs](#).

Umhverfisstefna leikskóla Kópavogs

Kynni barnsins við náttúruna er þýðingarmikil fyrir þroska þess. Mikilvægt er að börn upplifi náttúruna af eigin raun og læri að njóta hennar sér til yndisauka. Börnum er það eðlislægt að kanna umhverfi sitt og þau læra mest á að snerta, horfa, hlusta, bera saman, flokka, draga ályktanir, rannsaka og upplifa. Rjúpnahæð er umvafin fuglalífi, hestum, göngustígum og stutt er í græn svæði. Farið er í stuttar og langar vettvangsferðir í nágrenni leikskólans þar sem börnin styrkja líkama sinn og læra að vernda heilsu sína. Á leikskólalóðinni gefast einnig ótal tækifæri til að upplifa náttúruna.

- Að dregið verði úr umfangi sorps frá leikskólanum.
- Að sorp verði flokkað og endurnýtt eftir því sem kostur er.
- Að börnin taki þátt í að flokka sorp og flytja það í jarðgerðartunnur og gáma.
- Að börnin læri að endurnýta á sem fjölbreytilegastan hátt.
- Að yfirfara neysluvenjur með tilliti til betri

Sumarskóli

Í lok maí-byrjun júní færist allt starfið okkar í Rjúpnahæð út, þá hefjum við sumarskólann. Meginmarkmið okkar er að sumarstarfið byggist á gleði og ævintýri. Það höfði til áhugahvatar hvers og eins til að rannsaka, uppgötva og leita svara í umhverfi sem er viðurkennandi, þar sem bæði barnið og hinn fullorni fær að njóta sín. Ákveðin viðfangsefni eru í boði á ákveðnum stöðum, sem geta verið á leikskólalóðinni og fyrir utan. Við bjóðum upp á matjurtagarð, íþróttir, skapandi starf, smíðasvæði, vettvangsferðir, hlutverkakofa og frjálsan leik. Starfið og verkefni geta farið eftir veðri og áhersla er á að allir geti tekið þátt og haft gaman á sínum forsendum. Í júlí og ágúst er svo hefðbundin dagskrá úti og inni, ásamt sumarfríi.

Skógarferðir

Skógarferðir, eru ævintýraferðir í Heiðmörk/Guðmundarlund. Valin er góður dagur til að tjalda,grilla, fara í leiki, skoða umhverfið og fara í rannsóknarleiðangur. Nauðsynlegt er að hafa með sér bæði stækkunargler, krukku, tangir, gúmmihanska og plastpoka, því margt er tekið heim með sér til að rannsaka betur. Tilvalið tækifæri til að kynnast náttúru og umhverfi betur og fræða börnin um hvað er leyfilegt í náttúrunni.

Vísindakrókur

Í Rjúpnahæð er vísindakrókur sem allar deildir hafa aðgang að. Þar geta börnin aflað sér vísindalegrar þekkingar með rannsóknum sem efla m.a. stærðfræði- og eðlisfræðipekkingu, hugmyndaflug og sköpunargleði. Börnin fá tækifæri til að setja fram tilgátur og sannreyna þær með athugunum og tilraunum. Börnin fá að gera tilraunir t.d. með ljós, þyngd hluta, litablöndun og margt fleira. Í Rjúpnahæð er matjurtgarður staðsettur á lóðinni þar sem börnin rækta matjurtir og einmitt í vísindakróknum forrækta þau hinar ýmsu tegundir plantna fyrir matjurtagarðinn og gera tilraunir með ýmiss konar fræ.

Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín.

Hlutverk leikskólakennara felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til sjálfstæðra vinnubragða og skapandi hugsunar og gera barninu kleift að nálgast efnið frá mörgum hliðum.

Myndsköpun

Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig með myndmáli á skapandi hátt. Sköpun barna byggist á skynjun þeirra og reynslu. Í Rjúpnahæð er lögð áhersla á að skapa góðar aðstæður til myndsköpunar, kynna þeim fjölbreyttan efnivið og vinnuaðferðir. Lögð er áhersla á að börnin tjái sig frjálst, að sköpunargleðin fái að njóta sín og efniviður er aðgengilegur og sjáanlegur fyrir börnin. Við höfum ramman sveigjanlegan, notum opnar spurningar, leyfum barninu að upplifa augnablikið og að stundin sé í senn lærdómur, gleði og uppspretta nýrra hugmynda. Sjálft sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman.

Myndsköpun og skapandi starf fer fram í Laup(listasmiðju) og inni á deildum, bæði í frjálsum tíma og í hóptímum.

Tónlist

Tónlist er ríkur þáttur í allri þjóðmenningu og mjög mikilvægur þáttur í leikskólanámi. Börn öðlast tónlistarþroska með því að fá fjölbreytta reynslu af tónlist og að kynnast hljóðum, tónum og hreyfingu í leik og starfi. Í leikskóla er umhverfi sem hvetur börnin til að fást við og njóta tónlistar á ýmsan hátt. Stutt er við sjálfsprottinn söng barnanna og tilraunir með hljóðgjafa. Tónlistarnám

fer fram í öllu leikskólastarfinu hvort sem er í sögustundum, leiktímum, hópastarfi eða á útivelli. Tónlistarnám fer fram með hljóðfærum, hljóðgjafa, hreyfingu, söng, leikjum og hlustun. Tónlistarnám í Rjúpnahæð á að stuðla að því að barn þroski með sér næmni fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda, jákvæða sjálfsmynd, frumkvæði og frjálsa, skapandi tjáningu og túlkun á tónlist.

Menning

Maðurinn er óhjákvæmilega þátttakandi í því samfélagi sem hann býr í. Leikskólinn myndar sérstakt samfélag barna, kennara og foreldra sem skapar sér ákveðna menningu. Hefðir eru ákveðin menning og tengsl við sögu okkar og fortíð. Frá upphafi leikskólans höfum verið að skapa okkur ákveðnar hefðir í Rjúpnahæð, sérstaklega í tengslum við hinar íslensku hátíðir, sem við höldum fast í og tengjum oft við það þema sem er verið að vinna með á hverjum tíma. Börn kynnast samfélaginu, menningu þess og hefðum og upplifa það á sem eðlilegastan hátt. Í hefðum felst öryggi og oftast eitthvað sem gleður hjartað, það að gera sér dagamun. Á hverju ári kemur starfsáætlun leikskólans út og þar er farið yfir hefðirnar sem og aðrar menningarlegar upptakomur sem áætlaðar eru ár hvert, svo sem heimsóknir listamanna, tónleika og ferðir á söfn.

Afmæli barnanna

Afmældisdagur barnsins hefst á því að barnið fer með starfsmanni og vini/vinkonu að velja sér afmælisbúning og fylgihluti úr ævintýraskáp, sem staðsettur er í borðsal, þar sem gull og gersemar eru geymdar. Afmælisbarnið er umsjónarmaður dagsins. Fyrir borðhald skreytir barnið borðið sitt, settur er dúkur, blóm og kertalukt á borðið. Stóll afmælisbarnsins er gerður að hásæti, það slær í þríhorn við upphaf matartíma og afmælissöngurinn er sunginn. Afmælisbarnið býr að sjálfsgöðu til sína kórónu og gerir það yfirleitt daginn áður. Myndir eru teknar af afmælisbarninu í tilefni dagsins. Sérstök afmælistafla er í ganginum, en þar er ein mynd, sem tekin var um morguninn, hengd upp og látin hanga út leikskólaárið. Myndin er alltaf sett á miðja töfluna í afmælisramma. Barnið fær svo senda afmælismyndir/kort heim til mómmu og pabba í tölvupósti. Mynd barnsins fyrir framan deildina er tekin og sett í ramma áður en barnið kemur í leikskólann og sett fyrir ofan fatahólf þess í fataklefa.

Afmæli leikskólans

Rjúpnahæð á afmæli þann 25. maí. Afmæli leikskólans er haldið hátíðlega með börnunum á hverju ári en þegar um stórafmæli er að ræða, 5, 10, 15 o.s.frv. er utanaðkomandi gestum einnig boðið.

Til gamans, þá segir í talnaspekinni, að lífstalan 7, séu eiginleikar sem tengjast þessari tölu; sundurgreining, skilningur, þekkingarleit, fróðleiksfýsn og hugleiðsla. Árstala er reiknuð út frá fæðingardegi og því ári sem við erum stödd á. Hún á að gefa vísbendingar um þau tækifæri og hindranir sem árið færir okkur.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember

Í tengslum við Dag íslenskrar tungu eru haldnar menningarvikur þar sem börnin kynnast íslenskum rithöfundum, fræðast um íslenskar bókmenntir, hvernig við umgöngumst bækur og hvernig þær verða til. Fengnir eru íslenskir listamenn í heimsókn, rithöfundar eða tónlistarfólk sem lesa eða flytja verk sín. Einnig er fræðsla um Jónas Hallgrímsson. Farið er á bókasafnið, hlustað á íslenska tónlist og börnin læra, Á íslensku má alltaf finna svar.

Jólaverkstæði

Í eina viku í byrjun aðventunnar er haldið jólaverkstæði foreldra, barna og starfsmanna. Þá er húsinu skipt upp í svæði og hvert svæði hefur ákveðnu hlutverki að gegna. Boðið er upp á að búa til borðskreytingar, skreyta piparkökur, skera út laufabrauð, skreyta jólakúlur á jólatré,

gluggaskreytingar, mála jólapappír, skreyta kort og vinna með opinn efnivið. Óskað er eftir þátttöku foreldra fyrstu tvo dagana á verkstæðinu. Það sem börnin vinna með þeim á svæðunum er notað áfram í leikskólanum eða farið með heim rétt fyrir jól.

Piparkökuhús

Í október fer vinna af stað með elstu börnum leikskólans að hönnun piparkökuhúsa. Börnin byrja á því að fræðast um hús, lögun, stærð og byggingahönnun þeirra. Þau koma með mynd að heiman að sínu húsi ásamt mynd af draumahúsinu sínu. Í framhaldi af því fer ferli af stað þar sem þau kynna húsin sín, hanna draumahúsið sitt og leira þau. Að þessu loknu kjósa þau um hvort þau byggja öll saman eitt, tvo eða fleiri piparkökuhús. Þetta er samvinnuverkefni sem þau vinna frá grunni og eflir lýðræðisleg vinnubrögð, sjálfstæði, samvinnu og ábyrgð þeirra. Að loknu ferlinu halda þau sýningu fyrir alla í leikskólanum.

Öskudagur

Í Rjúpnahæð er mikil hátíð í kringum Öskudaginn. Undirbúningur hefst fjórum vikum fyrir og fer af stað verkstæðisvinna þar sem notuð eru allskyns áhöld, s.s. nálar, tvinni, saumavél, litir o.fl. Börnin hanna sinn búning, teikna/mála hvað þau vilja vera. Þau koma með bol að heiman sem þau útfæra eftir eigin hugmyndaflugi og gera sér búning úr. Haldið er öskudagsball þar sem yngri börnin slá köttinn úr tunnunni saman og eldri börnin saman og sameinast er síðan á einu ball þar sem farið í leiki og dansað. Haldin er pizzu/pylsuveisla og dagurinn einkennist af flæði, þar sem börnin ráða hvort þau eru úti/inni og hvar þau sitja í hádeginu.

Mat á námi og velferð barna

Í Rjúpnahæð leitumst við eftir að hafa fjölbreyttar aðferðir við mat á vellíðan og námi barna. Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni og styrk sem þau sýna á ólíkan hátt. Mat á að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli matsins skal veita hverju og einu barni námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í leik og starfi.

Mat á vellíðan og námi barna felur í sér að safnað er fjölbreyttum upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á. Forðast skal að nota mat í þeim tilgangi að bera saman hæfni barna á afmörkuðum sviðum, flokka þau eftir getu eða leita eftir því sem þau geta ekki.

Fjölskyldan og leikskólinn

Í leikskólanum er lögð áhersla á að samstarf heimilis og skóla byggir á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hverra annarra. Samstarf þetta byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Mikilvægt er að þessir aðilar geti treyst hver öðrum, deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða börnin.

Markmiðið með foreldrasamstarfi er:

- að rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- að stuðla þátttöku foreldra í starfi leikskólans.

Meginhlutverk leikskóla felst í því að veita börnum leikskólamenntun, en jafnframt er leitast við að koma til móts við óskir foreldra svo framarlega að það komi ekki niður á gæðum í starfi leikskólans og aðbúnaði og umönnun barnanna. Dagleg samskipti og upplýsingastreymi eru mikilvægir þættir til að stuðla að jákvæðu og traustu sambandi milli foreldra og leikskóla.

Í Rjúpnahæð leggjum við áherslu á jákvæða samvinnu við foreldra bæði formlega og óformlega. Formleg samvinna fer m.a. fram í einstaklingsviðtölum, foreldrafundum, heimasíðu, foreldrakaffi, jólaverkstæði, fundum foreldrafélagsins og opnu húsi. Óformleg samvinna fer t.d. fram í daglegum samskiptum, upplýsingatöflum við deildar/fataklefum og tölvupósti. Foreldrum er ávallt velkomið að taka þátt í leikstarfinu og óska eftir óformlegum viðtölum við deildarstjóra.

Velkomin í leikskóla

Samstarf milli heimilis og leikskóla hefst áður en barnið byrjar í leikskólanum. Á meðan barnið er í aðlögun er lagður grunnur að gagnkvæmum kynnum, trausti og virðingu á milli foreldra og leikskóla.

Leikskólinn er með opið hús í maí, þar er starfssemi og stefna leikskólans er kynnt. Áður er börnin byrja í leikskólanum er foreldrum boðið á kynningarfund, þar sem skólinn er sýndur, sagt frá stefnu hans og væntingum til starfsins. Á haustin er haldinn foreldrafundur fyrir alla foreldra og farið er yfir áherslur sem lagðar eru það skólaárið.

Heimasíða

Upplýsingar um starfið í skólanum, námskráin og starfsáætlunin eru inni á heimasíðu skólans. Einnig er þar að finna nýjustu fréttir og tilkynningar. Hver deild hefur sína krækju og svo eru myndir settar reglulega inn. Matseðill fyrir hvern mánuð er einnig að finna á síðunni.

www.rjupnahaed.kopavogur.is

Aðlögun

Aðlögun barns er einn þáttur í uppeldisstarfinu og skiptir miklu máli fyrir líðan barnsins hvernig til tekst. Að byrja í leikskóla er ný reynsla, allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að málum. Með því er lagður góður grunnur að framtíðinni. Markmiðið er að efla öryggiskennd og vellíðan barnsins og foreldra þess í framandi aðstæðum og stuðla að gagnkvæmum kynnum á milli fjölskyldu barnsins og leikskólans, mikilvægt er að báðir foreldrar taki þátt í aðlöguninni.

Aðlögun tekur allt að viku en þó er mikilvægt að hafa í huga að börn eru eins ólíkir einstaklingar og þau eru mörg. Það getur því tekið lengri tíma fyrir sum börn að aðlagast. Leitast er við að sami starfsmaður sjái um aðlögunina.

Þegar barn flyst á milli deilda öðlast það nýja reynslu. Sú aðlögun fer fram með svipuðum hætti nema kennarar sjá alfarið um hana. Þeir vinna sameiginlega að því að auðvelda hverju barni að færast á milli deilda, með því að heimsækja nýju deildina. Deildarstjóri kynnir foreldra fyrir deildinni og starfsfólki. Stefnt er að því að láta börnin sem eru saman á deild flytjast yfir á sömu eldri deildina.

Trúnaður – tilkynningarskylda

Lögð er áhersla á að fullur trúnaður ríki um allar upplýsingar er varða börnin og foreldra þeirra. Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu. Allt starfsfólk leikskóla undirritar sérstakt þagnarheit sem helst þó látið sé af starfi. Ef leikskólakennarar telja að líkamlegum og/eða andlegum þörfum barns sé ekki sinnt ber að tilkynna það barnaverndaryfirvöldum Kópavogsbæjar, sbr. 13. gr. laga um málefni barna og ungmenna.

Foreldrafundir

Foreldrafundir eru haldnir tvisvar á ári. Á foreldrafundi á haustin er starf vetrarins kynnt fyrir komandi starfsár og foreldrafélagið heldur sinn árlega aðalfund. Að vori er haldinn foreldrafundur fyrir nýja foreldra þar sem stefna, hefðir og leikskólinn er kynntur. Foreldrafélagið hefur einnig staðið fyrir fræðslufundum.

Foreldrasamtöl

Deildarstjórar og/eða leikskólakennarar veita foreldrum einkasamtal í leikskólanum tvisvar á ári. Þau eru formleg að vori og óformleg að hausti og oftast ef þörf krefur. Leikskólakennari upplýsir foreldra um stöðu og líðan barnsins í leikskólanum, hann byggir upplýsingar sínar um barnið á athugunum á færni þess og þroska í leik og starfi í barnahóp. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Verkefni foreldrafélaga eru margvísleg og geta félögin stutt mjög vel við starfið í leikskólunum og því er það hagur hvers leikskóla að hafa öflugt og virkt foreldrafélag. Báðir foreldrar eru hvattir til að taka virkan þátt í starfi foreldrafélagsins. Tilgangur félagsins er að stuðla að velferð barna og stafsólks í Rjúpnahæð og styrkja samskipti foreldra/forráðamanna barnanna og starfsólks. Foreldrar greiða árgjald sem skipt er í tvær greiðslur. Það nýtist í ýmsar upptökur og fleira í þágu barnanna s.s. vorhátíð, útskriftarferð og leiksýningar.

Í stjórn foreldrafélagsins sitja að meðaltali einn-tveir foreldrar frá hverri deild ásamt einum fulltrúa leikskólans. Fundir eru eftir þörfum hjá stjórn foreldrafélagsins.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla er foreldraráð starfandi við Rjúpnahæð. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar bæjarins um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi skólans. Ráðið fylgist með að skólinn framfylgi námskrá og áætlunum og það hefur einnig umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á starfi skólans.

Tengsl skólastiga

Formlegt samstarf er á milli leik- og grunnskóla Kópavogs. Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að sú þekking og viðfangsefni sem börnin eru að fást við í leikskólanum verði sá grunnur sem grunnskólanámið byggir á. Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, og kennara, þar sem velferð, þroski og menntun barnanna er í brennidepli.

Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiga. Þeir miðla upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra og eiga rétt á að fá vitneskju um þau gögn sem fylgja þeim úr leikskóla. Foreldrum er skylt að veita leikskólanum upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barna. Þeir eiga rétt á aðgangi að upplýsingum um börn sem leikskólar varðveita. Þegar börn flytja milli leikskóla eða fara í grunnskóla skal leikskólastjóri sjá til þess að nauðsynlegar upplýsingar fylgi þeim með tryggum hætti.

Rjúpnahæð er í formlegu samstarfi við Salaskóla. Samstarfið byggist á því að kennarar eru meðvitaðir um stefnur og áherslur í starfi hvors annars. Gagnkvæmar heimsóknir nemenda er góð leið til að tengja skólastigin saman og fara börnin í Rjúpnahæð nokkrum sinnum í heimsóknir í grunnskólann, t.d. boðið í heimsókn í ákveðinn bekk og samsöng. Þá tekur kennari á móti þeim, kynnir þeim bygginguna, skólalóðina og skólastofuna. Börnin taka þátt og kynnast almennu skólastarfi. Grunnskólabörnin koma í leikskólann og taka þátt í starfinu t.d. með okkur í útiveru. Skólastjórnendur í Rjúpnahæð, Fífusölum og Salaskóla hafa samstarf um skipulags- og námskeiðsdaga ár hvert.

Mat á leikskólastarfi

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annarsvegar er um að ræða mat sem leikskólarnir framkvæma sjálfir og er kallað innra mat. Hins

vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitafélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

Innra mat í leikskólum

Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats. Mikilvægt er að mat byggji á þátttöku og samvinnu leikskólakennara, foreldra og barna. Í Rjúpnahæð eru notaðar þrjár matsaðferðir við mat á starfinu í leikskólanum og lagðar fyrir annað hvert ár. Eccers-kvarðinn er spurningalisti sem inniheldur spurningar, eins og hvað, hvernig, hvers vegna og af hverju hinir ýmsu hlutir eru eins og þeir eru. Hann tekur til allra þátta í leikskólastarfinu. Síðan er það spurningalisti þar sem almennt er spurt um starfið í leikskólanum og að lokum er spurningalisti sem lagður er fyrir foreldra rafrænt. Niðurstöður hans gefa leiksskólakennurum leikskólans góðar vísbendingar um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað mætti betur fara í starfinu.

Í Rjúpnahæð nýtum við okkur einnig starfsmannafundi, fagfundi, skipulagsdaga og sérstaka fundi til að endurmeta starfið okkar jafnt og þétt yfir skólaárið. Einnig skoðum við hvað betur má fara í tilvikum sem koma upp ásamt því að svara spurningalistum eftir hvern og einn viðburð yfir skólaárið t.d. jólin, öskudag, menningarvikur.

Raddir barna

Í Rjúpnahæð eru þróaðar fjölbreyttar aðferðir við mat á vellíðan og námi barna. Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra, hæfni og styrk sem þau sýna á ólíkan hátt. Mat á að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli matsins skal veita hverju og einu barni námstækifæri og stuðning við hæfi svo að það geti tekið virkan þátt í leik og starfi. Mat á vellíðan og námi barna felur í sér að safnað er fjölbreyttum upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á.

Meðal aðferða sem hafa verið notaðar í Rjúpnahæð má nefna að starfsmenn hafa tekið myndir af börnum í leik og starfi þar sem fram kemur hvernig líðan þeirra er. Einnig meta börnin sjálf starfið árlega. Þau hafa t.d. fengið að taka myndir af því sem þeim hefur þótt áhugaverðast í leikskólanum. Hópstjórar skrá niður virkni barna og áhuga í ýmsum verkefnum. Við leggjum mikla áherslu á að hlusta á hvað börnin eru að segja, athugasemdir/kvartanir þeirra og tillögur sem þau komu á framfæri varðandi það sem væri bilað eða þyrfti að breyta í starfinu og eins ef ágreiningur á milli þeirra kom upp. Börnin halda fundi þar sem málefni þeirra eru rædd. Við gerum hugarkort með þeim, höfum lýðræðislegar kosningar, höfum vinaleik, höfum samverustundir, höfum hópastarf/þemastarf, höfum gæðastundir í litlum hópum og samsöng sem þau fá tækifæri á að stjórna.

Ytra mat í leikskóla

Leikskólanefnd Kópavogs hefur eftirlit með því að starfsemi leikskólans samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Leikskólafulltrúi í umboði leikskólanefndar ber ábyrgð á framkvæmd ytra mats.

Starfsáætlun

Í Rjúpnahæð er árlega gerð starfsáætlun þar sem starfinu og faglegum áherslum á komandi starfsári er lýst. Deildarstjórar byrja á því að gera starfsáætlun með sinni deild og í framhaldi af því gera leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri starfsáætlun leikskólans. Í starfsáætlun er einnig

umbótaáætlun sem byggð er á mati síðastliðins árs. Foreldraráð ber að vera umsagnaraðili starfsáætlunar leikskólans og leikskólanefnd staðfestir hana.

Lokaorð

Vinnu námskrár Rjúpnahæðar er nú lokið. Námskráin okkar byggir á Aðalnámskrá Menntamálaráðuneytisins sem kom út árið 2011 með talsverðum áherslubreytingum frá fyrri námskrá. Nýjar áherslur og breytingar hafa verið settar á blað en þó má segja að nú sé minnsta hluta vinnunnar lokið. Innleiðing nýrrar hugsunar í leikskólastarfið og að tileinka sér þessi nýju vinnubrögð taka nú við. Fyrsta skref okkar til að gera námskrána að því vinnuplani sem við viljum að það þjóni er að byrja á því að kynna hana fyrir öllum kennurum, því þrátt fyrir að allir hafi tekið þátt í námskrárgerðinni þá er margt í henni sem þarfnast ítarlegri krufningar. Það er ekki síður mikilvægt að kynna nýju áherslurnar fyrir foreldrum og gefa þeim tækifæri til að tileinka sér þær með okkur.

gott samstarf kennara og foreldra næst betri árangur

til að styrkja og þroska barnið

hæfari einstaklingur fyrir vikið

Leikskólastarf er í sífelldri framþróun

lifandi gagn í stöðugri endurskoðun

Við viljum þakka okkar frábæru kennurum í Rjúpnahæð fyrir sitt framlag og þeim foreldrum sem lásu námskrána yfir og komu með sitt sjónarhorn á hana.

Höldum áfram þessu skemmtilega ferðalagi til að þroska og efla börnin okkar í þekkingarleit sinni.